

Fundur 30.3.2026 Bodan Póverji frá fimmtánu öld.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur úr stjórnusambandsstöð og vona ég að mál mitt heyrst og sé skýrt.

*Já já það er það.*

Eru það ýmsir meðal ykkar sem eru af minni þjóð, hef ég þó ekki samskipti við aðra en þá sem hér hafa verið lengi og er hér gott stilliaflsvæði og höfum við haft góðan tíma til að átta okkur á grundvallar atriðum þessarar kenningar.

Og er það mikill heiður að margir af minni þjóð búi meðal ykkar og vona ég að þeir taki þátt í viðurkenningu og sigurgöngu þessa máls þegar þar að kemur, þegar alþjóð fer að veita þessu viðurkenningu og lifa samkvæmt Nýalskri heimsmynd og höfum við lengi vitað um þau grundvallar sannindi og ekki efast ég um þær grundvallar kenningar og var það öðruvísi á jörðinni þegar ég var í frumlífs tilveru minni og átti ég eftir að átta mig, skipta um skoðun að mörgu leiti.

Og nú vil ég gjarnan stuðla að því að samskipti þjóðanna verði með þeim hætti að muni ekki trosna upp úr þeim samskiptum og muni eiga náin og kærleiksrík samskipti og samlagast íslensku þjóðinni og taki á móti menningar arfleifð hennar og íslenska þjóðin finni hvað er sameiginlegt og njóti starfskrafta okkar.

Hef ég á mörgum framlífs hnöttum fylgst með þróuninni og ekki bjóst ég við að svo margir af minni þjóð settust að á Íslandi, en það hefur gerst og átti ég erfitt með að losa mig úr viðjum frumlífs hnattar míns, fyrstu jarðvistar skeiðin, en tókst mér það þó að lokum og veit ég nú betur hvað er nauðsylegt að hjálpa til við sameiningu þjóðanna, samstillingu þjóðanna.

Og vorum við frædd um það nýlega á þessari jörð, hvernig forfeður okkar og slavnesku Guðirnir hafa sett okkur fyrir það verkefni að fara eftir grunngildum okkar trúar og koma vel fram við aðra.

Og veit ég ekki hvort ég næ að koma þessu öllu fram sem ég vildi, en vona ég það, er ég hér að tala um hversu margir af minni þjóð eru enn kristnir og hversu margir af minni þjóð eru að fylgja margvíslegum markmiðum sem eru misgóð og ég er hér að tala um takmark íslensku þjóðarinnar, sem ég hef einnig lært um á þessum framlífs hnetti þar sem við fengum kenningar okkar frá forfeðrum okkar og það eru spádómar sem minna á nútíðina og passar þar ýmislegt.

Og mikilvægt að íslenska þjóðin leiki það leiðtoga hlutverk sem spáð var fyrir um.

Hef ég skynjað það á sambandsfundum að undaförnu á mínum hnetti að margvíslegar ógnir steðja að ýmsum þjóðum og mikilvægt að íslenska tungan glatist ekki og hef ég á minni framlífs jörð reynt að læra ýmis tungumál og íslenskuna þar með og er ég ekki frá því að sumir afkomenda minna búi á Íslandi, langt fram í ættir.

Vildi ég gjarnan fjalla um það hvernig þið verðið að halda sjálfstæði ykkar og reisu og þið takið vel á móti okkar fólki, en ýmislegt er um það að segja að í framlífi eru sumir landsmanna minna undir stjórn hinna ýmsu útlendinga sem eru með útpenslu stefnu sinnar þjóðar og hefur það skapað sundrunu meðal okkar í framlífi.

Og er ég einn af mörgum í þessum hópi minna samlanda á framlífs jörð sem þekkir Nýalskenningu ykkar og teljum hana vera mjög mikilvæga.

Get ég ekki farið út í þetta nánar að sinni, gleður það mig að komast í sambandið, hafa ekki margir landsmenn mínir komist í sambandið, er ég Pólverji frá fimmtánu öld Bódan.

*Þakka þér fyrir komuna, já það hafa nokkrir komið. Blessaður.*

Já takk fyrir verið þið sælir.